



ÁRSSKÝRSLA

1985

SKÝRSLA STJÓRNAR KARATESAMBANDS ÍSLANDS

FRÁ 28. FEB. 1985 - 24. NÓV. 1985

Stofnþing Karatesambandsins var haldið 28. feb. 1985 í Reykjavík.  
Þar voru þessir menn kosnir í trúnaðarstörf sambandsins.

Formaður: Hannes Hilmarsson

Meðstjórnendur: Karl Gauti Hjaltason  
Stefán Alfreðsson  
Ævar Þorsteinsson  
David Haralds

Varastjórn: Arni Einarsson  
Ágúst Ósterby  
Jónína Olesen

Karatedómstóll:

Atli Erlendsson  
Arni Einarsson  
Karl Gauti Hjaltason

Endurskoðendur:

Hjalti Kristjánsson  
Kjell Tveit

Afyrsta stjórnarfundi skipti stjórnin þannig með sér verkum:

Varaformaður: Karl Gauti Hjaltason

Ritari: Stefán Alfreðsson

Gjaldkeri: David Haralds

Fundarritari: Ævar Þorsteinsson

Stjórnin kom saman um 40 sinnum á tímabilinu.

## INNRA STARF STJÓRNAR KARATESAMBAÐSINS.

Öhætt er að segja að þessi fyrsta stjórn hins nýstofnaðs Karatesambands hafi verið önnum kafin. Fjöldi funda var haldin og þá aðallega í tengslum við Norðurlandamótíð, sem fram fór í Reykjavík 19. okt 1985. Lungann úr starfstíma stjórnarinnar var hún skipuð fjórum mönnum, því Stefán Alfreðsson hvarf frá vegna námsanna. Samskipti við útlönd efldust og þegar EM fór fram í Oslo 3-5. maí í vor, þá sátu fulltrúar Íslands þing EKU í fyrsta sinn. Að því þingi fékk Ísland aukaaðild að EKU.

Að tímabilinu var gengist fyrir samkeppni um merki KAI, og bárust 6. tillögur til stjórnarinnar. Sú tillaga sem hlaut að lokum útnefningu var frá Karlí Gauta Hjaltasyni og prýðir merkið forsiðu þessarar fyrstu ársskýrslu KAI, að visu ekki í litum.

I haust voru gefin út Sambandsskýrsteini KAI og seld til einstaklinga í öllum Karatefélögum og deildum um land allt, sú sala veitir sambandinu fjármagn og félögum afslátt á námskeið og móti KAI. Sala þessarra skýrteina hefur viða gengið mjög vel en annar staðar illa.

Fyrir utan beint starf KAI, fer fram öflugt starf i félögum og meðal þeirra tveggja stíla sem hérlandis eru iðkaðir. Goju-kai menn fengu hingað Ingo de Jong tvísvar sinnum á árinu og Conny Ferm einnig tvísvar. Shotokan fólk fékk í janúar Masao Kawasoe í heimsókn og í nóvember þýska þjálfarann Erich Busch. Stílasamtökun héldu bæði meistaramót sín á árinu, goju-kai menn í febrúar og Shotokan sambandið í nóvember. Að auki fóru goju-kai félagar í æfingabúðir til Þýskalands í ágústmánuði.

Stuttu fyrir Árþing KAI ákvað stjórn KAI að efna til kjörs bestu Karateljósmyndar ársins, meðal þeirra ljósmynda sem birst hafa í blöðum landsins á tímabilinu. Strax varð nekkuð ljóst að mynd sem tekin var af Friðþjófi Helgasyni á NM í okt yrði fyrir valinu, en sú mynd er geysifalleg.

Að lokum er á það að minnast að ekki þarf að kviða framtíð Karate hérlandis, ef stjórn KAI verður áfram skipuð slikum athafnamönnum og þetta tímabil. Að auki hefur stjórnin notið stuðnings fjölda félaga úr karatefélögnum, sérstaklega í kringum Norðurlandamótíð og allir staðið saman eins og best verður á kosið. Árangurinn er Grettistak nýstofnaðs sambands.

## **Þjálfari íslenska landsliðsins Ólafur Wallevik**

Ólafur Wallevik hóf iðkun karate á Akureyri 1975. 1977 hélt hann til Noregs til náms og hélt þar áfram karateiðkan. Hann hefur getið sér gott orð í Noregi, bæði sem keppnismaður og þjálfari.

Á NM 1982 í Finnlandi tóku þrír Íslendingar þátt í NM í fyrsta sinn og var Ólafur einn þeirra. Þar náði hann 3. ja sæti í sínum þyngdarflokk og er það í fyrsta sinn sem íslenskur keppandi nær verðlaunasæti á karatémóti á erlendri grund. Frá

því að Ísland kom sér upp landsliðshóp í karate vor- ið 1984 hefur hann verið þjálfari þess. Hann hefur átt mestan þátt í því að íslenska landsliðið í karate hefur stöðugt sott á hin Norðurlöndin á NM og nú síðast 1984 í Svíþjöld náðum við verðlaunasæti í einum þyngdarflokk og töpuðum næpt fyrir hinum löndunum í Sveitakeppninni. Með sama áframhaldi ætti Ísland að geta orðið skeinuhætt á NM-mótum framtíðarinnar, en Norðurlöndin eru framarlega í Karate í

heiminum. Ólafur hefur á margan annan hátt stuðlað að því að íslenskt karate heftur slitið barnskónum og er nú fyllilega sambærilegt því sem gerist best annars staðar á Norðurlöndunum og jafnvæl viðar.

Karatesamband Íslands vill nota tækifæríð og þakka honum ötult og óeigingjarnt starf hans sem hefur frá upphafi verið unnið í algjörri sjálfbodavinnum, eingöngu til uppbyggingar karate á Íslandi.

K.G.H.



PRESSUMÓT 2. mars 1985

Fyrsta mót KAÍ var haldið 2. mars, eða tveim dögum eftir stofnun sambandsins. Mótið var haldið í samvinnu við Samtök íþróttaritara og kepptu landsliðið og pressulið i íþróttahúsinu á Digranesi.

Góð stemming og spenna ríkti meðal hinna 300 áhorfenda í húsinu, því pressan stóð fyllilega í landsliðinu. Keppt var í 5 manna sveitum, þrjár umferðir. Landsliðið sigraði pressuliðið með 9 vinningum gegn 6, og fékk 56 stig gegn 46 stigum pressuliðsins. Pressuliðinu stjórnaði Ævar Þorsteinsson en Ólafur Wallevik landsliðspjálfari stjórnaði landsliðinu, en Atli Erlendsson var fyrirlíði þess.

Í hléi sýndi Jónína Olesen kata og Ólafur Wallevik sjálfs-vörn við fjöldaárás.

Í lok mótsins afhenti Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ keppnis-mönnum minjagrip um keppnina.

Eins og þessi keppni sýndi og sannaði, þá eru geysilega efnilegir menn á leiðinni upp. Þess vegna ætti að viðhalda pressuliðs-æfingumeins og landsliðsæfingum 2.-3. í mánuði.

Ævar Þorsteinsson.

## KEPPNISFERÐIR LANDSLIÐSINS TIL EVRÓPU Á ÁRINU.

Á árinu hafa verið farnar tvær keppnisferðir til útlanda. Sú fyrri var farin í mars til Svíþjóðar og sú seinni var farin til Osloar á Evrópumótið.

Pann 28. mars var flogið frá Keflavík til Oslo. Þaðan var tekin lest til Gautaborgar þar sem keppnin átti að fara fram. Landslið Íslands var þannig skipað að þessu sinni: Fyrirliði Atli Erlendsson, Árni Einarsson, Ævar Þorsteinsson, Jóhannes Karlson, Gísli Klemensson og Svanur Eyþórsson. Liðið fékk gistingu sér að kostnaðarlausu í dojo í Gautaborg. Laugardaginn 30. mars fór keppnin fram. Lið það sem keppt var við var einskonar B-lið Svíð og voru liðsmenn þess frá Gautaborg og nágreni. Meðal þeirra var einn úr silfurliði Svíð frá heimsmeistaramótinu. Í sem stystu málí má segja að íslanska liðið hafi komið á óvart með ágætri frammi stöðu sinni. Kepptar voru þrjár umferðir. Þá fyrstu sigruðu íslendingar glásilega entvær næstu unnu Svíar en naumlega þó. Úrslitin urðu því þau að Svíar báru sigur úr bínum þó mjótt væri á mununum. Þetta verður að teljast góð framistaða þegar tekið er tillit til þess að Svíar voru á heimavelli og með heimadómara. En það hefur sýntsig að slíkt skiptir ekki svo litlu málí í keppnum á erlendri grund. Snemma morguns næsta dags varð liðið að halda af stað. Hluti þess var áfram í Svíþjóð við æfingar en hinir fóruheim á leið. Ferð þessi hefur verið mikið gagnrýnd vegna kostnaðar við hana. En upphaflega var ætlunin að KAÍ greiddi allar ferðir en svo varð ekki því að landsliðsmenn þurftu að greiða sjálfir ferðir til og frá Gautaborgar áuk uppihalds. Að minu áliti var þessi ferð gagnleg að því leiti að hún opnaði augu margra (landsliðsmanna og e.t.v. annara) á því að við gætum sigrað erlenda andstæðinga.

## EVRÓPUMÓTIÐ '85

Pann 2. maí lagði fjögurra manna hópur af stað til Oslo að taka þátt í EM '85, Sem fór fram 4., 5. og 6. maí. Þessi hópur var þannig skipaður Atli Erlendsson sem keppti í kata og 60 kg flokki, Árni Einarsson sem keppti í kata og 60 kg flokki, Ævar Þorsteinsson sem keppti í +80 kg flokki og opnum flokki, og Jónina Olesen sem keppti í kata.

Fyrsta dag mótsins var keppt í einstaklings kata kvenna og karla. Þar náðist óvæntur árangur, þ.a.e.s. 10. sæti í kata karla af 27 keppendum. Þar var að verki Árni Einarsson. Á öðrum degi keppti Ævar í +80 kg flokki. Hann lenti þar á móti ítölskum andstæðingi

og beið þar lægri hlut. Á þriðja degi var keppt í 60 kg flokki. Atli lenti þar á móti Frakka og beið lægri hlut. Árni keppti við Ítala og tapaði naumlega. Þess má geta að annar dómarinn í þessari viðureign var Ítali sem aðstoðaði sinn mann óspart með því að mótmæla a.m.k. tvisvar stigum sem aðaldómari vildi gefa. Þarna kom enn einu simmi í ljós að dýrmætt getur verið að eiga dómara. En að sjífsögðu á þjálfarinn ávallt að mótmæla í svona tilfellum. Þá keppti Ævar einnig í opna floknum og lenti þar á móti Arilt Engh frá Noregi. Tapaði Ævar naumlega í spennandi og jafnri keppni. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í EM í karate og þarna safnaðist dýrmæt reynsla.

Að mínu áliti eiga íslendingar að kappkosta að taka þátt í mótum sem þessum. Kostnaður vegna þáttöku var mikill og lenti að mestum hluta á herðum landsliðsmanna sjálfra og reyndist mörgum þungur baggi.

## ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ 13. APRÍL 1985.

Fyrsta íslandsmeistaramótið í karate var haldið 13. apríl í Íþróttahúsinu Ásgarði Garðabæ. Til leiks voru skráðir 59 keppendur frá 8 félögum

Keppt var í kata unglings, kvenna og karla, og í kumite kvenna (opinn flokkur) og karla (4 þyngdarfl. og opinn fl.).

Undanrásirnar fóru fram á 2 völlum en undanúrslit og úrslit á einum velli.

Mótstjóri var Hannes Hilmarsson en undirbúningur mótsins var í höndum mótanefndar undir forystu Hjalta Kristjánssonar.

Aðaldómari var Stefán Alfreðsson og honum til aðstoðar voru Sigþór Markússon, Helgi Briem Magnússon, Andrés Haflidason, Bjarni Jónsson og Elís Kjartansson.

Mótið sýndi að tölvert skorti á reynslu til mótshalda. Lenti því mikil vinna á fáum einstaklingum, sem urðu að gefa leiðbeiningar og vera allt í öllu sem gerðist á mótinu. Einnig kom fram reynsluleysi meðal dómara, en það er brýnt hagsmunamál fyrir keppendur í karate að þeim málum verði kippt í lag sem fyrst.

Að öðru leiti sýndi mótið að við eignum marga góða keppendur ogbriddin er orðin mikil meðal þeirra. Lítið var um meiðsl og dagskráin gekk vel fyrir sig. Mótið vakti og tölverða athygli og var þess getið í öllum stærstu dagblöðunum, útvarpi og sjónvarpi.

Stefán Alfreðsson

Skipting verðlauna milli félaga:


	Gull	silfur	brons
Karatefélag Reykjavíkur	6	3	3
Pórshamar	2	7	1
UMF Selfoss	0	0	0
Stjarnan	0	0	1
UMF Baldur	0	0	0
UMF Bessastaðahrepps	0	0	0
Breiðablik	2	0	0
Gerpla	0	1	2



## KUMITE

KARLA -80 kg

1. Ævar Þorsteinsson Breiðablik
2. Karl Gauti Hjaltason Þórshamar
3. Magnús Blöndal Þórshamar
4. Þorsteinn Einarsson Þórshamar



5

Ævar Þorsteinsson Breiðablik

Ævar

7

HO

Ævar ÞorsteinssonÞorsteinn Einarsson Þórshamar

Þorsteinn

1

HO

Karl Gauti

1

Karl Gauti Hjaltason Þórshamar

Karl Gauti

3

HO

Magnús

2


Þorsteinn

2

## KUMITE

KARLA -80 kg

1. Jóhannes Karlsson Karatefélög Reykjavíkur
2. Úlfur Sigurðsson Þórshamar
3. Gisli Klemensson Þórshamar
4. Konráð Stefánsson Karatefélög Reykjavíkur



4

Ólafur

1

Einar K. Karlsson Breiðablik 1

1

Gisli Klemensson Þórshamar 1

1

Jóhannes 4

6

Jóhannes Karlsson KFR 2

2

Kjell Tveit Gerplu 3

1

Ólafur Þórðarson Þórshamar 1

1

Konráð Stefánsson KFR 2

2

Úlfur Sigurðsson Þórshamar 3

3

Yngvur Þórðarson Þórshamar 1

1

Jóhannes Karlsson

2

3

Vikingur 3

3

Gisli

2

3

# KATA

KAÍ

KATA UNGLINGA 10 keppendur

Jón H. Steingrímsson (75)	5,0	5,0	4,5					X	6,0	5,0	5,0	4,0	6,0	4
Gerpla					14,5		5							
Gísli Helgason (94)	4,5	4,5	4,0					X						16,0
Stjarnann					13,0									
Einar Kári Björgvinsson (2)	5,5	5,0	5,5					X	5,0	4,5	5,0	4,3	5,0	5
Álfanes					16,0		2							
Pórarinn Kristmundsson (59)	5,5	4,5	4,0					X						14,5
Pórshamar					14,0									
Kristjana Sigurðardóttir (74)	5,0	5,5	4,5					X	5,0	5,0	5,7	5,5	6,0	3
Gerpla					15,0		3							16,2
H. Narfi Stefánsson (57)	5,5	5,5	6,0					X	6,0	6,7	6,4	6,3	6,1	1
Pórshamar					17,0		1							18,8
Kristbjörn Búason (92)	4,5	4,5	4,5					X						
Stjarnann					13,5									
Friðrik Dungal (80)	5,0	4,5	4,5					X						
Gerpla					14,0									
Maris Jochumsson (58)	5,0	5,0	5,0					X	5,7	5,8	6,3	6,0	6,2	2
Pórshamar					15,0		4							18,0
Árni B. Róbertsson (96)	5,5	4,0	4,5					X						
Selfoss					14,0									

# KATA

KAÍ

KATA KVENNA 9 keppendur

Ólaf Ósterby (98)	5,0	5,0	5,0					X	5,8	6,1	6,0	5,8	6,0	5
Selfoss					15,0		5							17,8
Fanney Asgeirsdóttir (91)	5,0	5,0	4,5					X	5,5	5,4	6,2	5,5	6,0	6
Stjarnann					14,5		6							17,0
Ingibjörg Júlíusdóttir (56)	4,5	4,5	4,5					X						
Pórshamar					13,5									
Póra Guðrún Arnadóttir (17)	4,5	4,0	4,5					X						
Karatefélag Reykjavíkur					13,0									
Sigrún Guðmundsdóttir (55)	0	0	0					X						
Pórshamar					0,0									
Marie Stefánsdóttir (83)	5,0	5,0	6,0					X	5,6	6,5	6,3	6,2	6,4	3
Stjörnunni					16,0		3							18,9
Kristín Einarsdóttir (72)	6,5	6,5	6,5					X	7,0	7,4	7,0	6,8	7,6	2
Gerpla					19,5		2							21,4
Jónína Olesen (15)	7,0	7,0	7,0					X	7,4	7,6	7,6	7,2	7,9	1
Karatefélag Reykjavíkur					21,0		1							22,6
Elín Eva Grímsdóttir (54)	5,5	5,0	5,0					X	6,3	5,6	5,6	6,0	7,0	4
Pórshamar					15,5		4							17,9

## KATA

KAI

KATA KARLA 17 keppendur

Águst Ósterby (97)	5,5	7,0	5,0			X						
Selfossi				17,5								
Kjell Tveit (67)	6,0	6,5	6,0			X						
Gerplu				18,5								
Hermann Ósterby (1)	4,0	4,5	5,0			X						
Baldur				13,5								
Karl Gauti Hjaltason (52)	7,0	7,5	7,0			X	7,8	7,8	7,8	8,0	7,8	3
Pórshamri				21,5	5	Jion					23,4	
Árni Einarsson (4)	8,0	8,0	7,5			X	7,9	8,1	8,4	8,0	8,3	2
Karatefélag Reykjavíkur				23,5	2	Sanseru					24,4	
Gestur Skarphéðinsson (6)	6,5	5,0	6,5			X						
Karatefélag Reykjavíkur				18,0								
Jón Elvar Wallevík (61)	6,0	6,0	6,5			X						
Pórshamri				18,5								
Þróstur Einarsson (89)	5,0	5,0	4,5			X						
Stjarnann				14,5								
Helgi Jóhannesson (70)	6,0	7,0	7,0			X	6,9	7,6	7,8	7,3	7,4	7
Gerplu				20,0	8	Heian godan						
Atli Erlendsson (5)	8,5	8,5	8,0			X	7,9	8,0	8,4	8,2	8,4	1
Karatefélag Reykjavíkur				25,0	1	Sanseru						

KATA

KAI

KATA KARLA framhald

## NORÐURLANDAMOT I KARATE 19. OKT 1985 I REYKJAVÍK.

Akvördun um mótshald. Eftir NM 1984, sem haldid var í Karlstad í Svíþjóð, var komið ad Dönum eða okkur ad halda næsta mótt. Danir mættu ekki í Karlstad, svo boltinn var hjá okkur. Alltaf af og til var málid rætt hjá landslidsnefndinni, sem var undanfari Karatesambandsins og síðan aftur í stjórn KAI, en menn virtust ætla ad fresta því ad taka ákvördun. Sumir stjórnar-menn töldu útséd eftir hálf-mislukkað íslandsmót í apríl 1985, ad vid gætum alls ekki rádist í slíkt stórmót sem NM væri á okkar mælikvarda. Endanleg ákvördun var síðan tekin í maí-byrjun í vor med hálfum huga. Bréf voru send til hinna nordurlandanna og þá varð ekki aftur snúið, NM 1985 í Karate yrði haldid í Reykjavík 19. okt.

Frumundirbúningur mótsins. Það hádi mótsstjórninni ávallt í undir-búningi mótsins, ad enginn hafdi nokkru sinni ad láta hugmyndaflugid ráða ferdinni. Ad vísu höfdu íslenskir kepp-endur farið á slíkt mótt, en þá með því hugarfari til ad keppa, en ekki til ad spá í framkvæmd mótsins. Mótsstjórnin bræddi bó garnir þessarra manna og gat dregið fram sitt af hverju sem ad gagni kom. Frumundirbúningur mæddi á stjórn KAI, eins og lög gera ráð fyrir. Fyrst var rádist í ad kanna hvort einhver fyrirtæki væru tilbúin til ad láta fé af hendi rakna til mótsins, gegn auglýsingu ad sjálfsögðu. Fyrsta fyrirtækid var Toyota-umbodið og var þá strax hafist handa vid ad prenta adgöngumiða og fékk Toyota þar nafn þessarar ágætu bifreidartegundar skáð á adgöngumiðana. Eftir ad þessu verki var lokid var hægt ad snúa sér ad næsta skrefi sem var fjároflun fyrir mótið.

Fjároflun fyrir mótið. I júlímánuði var það boð látið út ganga til allra félagsmanna í karatefélögnum ad mæta á fund með stjórn KAI. A fundinn mættu um 20. manns og var hverjum og einum falid ad safna aurum í einhverju ákveðnu borgarhverfi. Útbúnir höfdu verid mismunandi dreifibréf og auglýsingatilbod og fólkid látið einbeita sér ad vissum þáttum fyrir hin mismunandi fyrirtæki. Tveim vikum seinna skiluðu menn af sér pyngjunni og var árangur mjög misjafn. Sumir félagsmenn og stjórnarmenn KAI voru furðanlega seigir ad redda auglýsendum, og alltaf þykknaði veski gjaldkerans. Þegar upp var stadið kom mótið út í hagnad, þó ekki væri hann stórvægilegur, en það var nú markmiðid ad fordast tap. Seld voru eftirtalin auglýsingartækifæri.: a) Auglýsigar í mótskrá. b) Styrktarlinur í mótskrá. c) Styrktaradilar sem ekki vildu láta adgöngumiðum. d) Auglýsing á keppnisnúmerum. e) Auglýsing á verdlaunagripa. f) Auglýsingar á mótsvædinu sjálfu. g) Gefendur þátt mótsins í yfirliti gjaldkera hér annarstaðar í skýrslunni.

Starfsmannahald. Þegar um einn mánuður var í mótið, var kominn tími til ad hóa saman vætanlegu starfsfólki mótsins. Bod voru látin ganga til allra sem hlut gátu átt ad mál. Fundir starfsmannahaldsins voru haldnir í fundarsal Gerplu og var þar oft þróngt á þingi. A fyrstu fundina mætti ótrúlegur fjöldi fólks. Um 50-60 manns budu fram starfskrafta sína. Því næst voru um 40 skipadir í stöður mótsins, skipadir voru.: Framkvæmdastjóri, Gjaldkeri, Adalritari, 3 Ritarar, 3 Tímaverdir, 5 Túlkar eda tengiliðir vid hverja þjóð, 4 Adstodarritarar, 6 í Verslun KAI, 2 Tuskustjórar, 5 Vallarstjórar eda merkingarmenn, 6 Viktarar, 4 í Verlaunaafhendingu, 3 í videouptöku, 2 í mótskránna og loks læknir og aðstoðarmaður hans. A staðinn komu einnig ljálparsveitarmenn til aðstoðar.

frh. NM í KARATE.; Fæstir starfsmenn höfdu haft kynni af því ad ad starfa á karatemóti, svo nú tók við þjálfun starfslidsins. Fundir voru haldnir í gríð og erg. Ádalritari mótsins, Karl Gauti Hjaltason sá um starfsmannapjálfunina og pappírs-vinnuna fyrir mótið. Hannes Hilmarsson Framkvæmdastjóri NM sá um Fjárlöfun og heildarundirbúning fyrir mótið. Gjaldkerinn David Haralds sá ad sjálfsögdu um ad greiða reikningana og rukka inn tekjur. Allir þeir sem unnu ad mótinu stódu sig framar öllum vonum. Það má líkja starfsmönnum mótsins í heild við vel smurða og góða vél, allt gekk upp og þegar óvænt atridi komu uppá þá brást þessi sama vél við eins og adrar góðar vélar, skipt var niður um einn gír og von bráðar var ófaran ad baki. Ritarar stódu sig mjög vel, en það starf var eitt það annasamasta á mótinu, öll úrslit frá svæðunum bárust jafnóðum og voru yfirleitt ótvírað. Mótið var allt tekið upp á Video, enda lifum við á videoöld og annað ekki fært, en KAI eigi slikt stórmót á videorúllu.

Fundarhöld fyrir mótið. A pennann þátt hef ég nú þegar minnst nokkuð. I fjárlunarstarfinu um sumaríð voru haldnir um 6-8. fundir med söfnunarmönnum. Stjórn KAI hélt fjölda funda um vorid og fram á sumar og þeir fundir voru ad mestu leiti helgadir mótinu, lauslega áætlad hafa það verið um 10. fundir. Starfsmannafundir sídustu tvær vikurnar hafa verið ca. 8. Haldinn var einn bláðamannafundi 5. dögum fyrir mótið og einn fundur til undirbúnings á þeim fundi. A.m.k. 4. fundir voru haldnir til ad setja saman móttsskrána og plaggatíð. Dómarafundur var haldinn með dómurum allra landanna daginn fyrir mótið til ad samstilla dómarana. Allt í allt hafa því verið haldnir ca. 30-35 fundir fyrir mótið. Það er því ljóst ad gífurleg vinna hefur verið innt af hendi til undirbúnings á þessu fyrsta stórverkefni nýstofnads Karatesambands.

Pátttaka Nordurlandanna. Frá upphafi var það ljóst ad mikil áhöld voru um pátttöku Danmerkur á þessu móti. Bréf voru send til allra landanna fjögurra strax í maíbyrjun, eins og fyrr segir. Þáttökutilkynningar áttu ad berast fyrir 15. sept. Svíþjóð og Finnland sendu inn lista yfir keppendur í september en Noregur var nokkuð seinn fyrir og barst bráf frá Noregi ekki fyrr en viku fyrir mótið. Bréf barst aldrei frá Danmörku og var því slegið föstu nokkrum dögum fyrir mótið ad þeir myndu ekki verða med. Þeir höfdu heldur ekki látið sjá sig í Karlstad 1984, og var suð ástæða gefin upp þá ad á sama tíma hefdi verið Danmerkurmeistaramót. Enn hefur okkur ekki borist upplýsingar um ástæðu til fjarveru þeirra. Þátttaka hinna landanna var góð, og sendu þau flest um 12-15 keppendur.

Landslid Islands í Karate. Landslidshópurinn hóf æfingar sameiginlega fljótlega í september, en fyrir þann tíma höfdu menn æft stíft, hver í sínu félagi. Hópurinn taldi um 15. manns og voru það þeir sem síðan kepptu á mótinu. Olafur Wallevík sem hefur verið landslidspjálfari íslenska landsliðsins í Karate frá því vorid 1984, kom hingad til lands 10. dögum fyrir mótið og voru æfingar þá daglega undir hans stjórn. Hann létt síðan af störfum strax eftir mótið og hafði það verið yfirlýst markmið hans frá því ad hann tók við landslidinu ad fylgja því ad þessu móti og reyna ad ná sem bestum árangri á þessu tímabili. Það er skodun stjórnarinnar ad vel hafi til tekist og Olafur verið ómetanlegur þáttur í vexti og uppgangi Karateíþróttarinnar á meðan hún hefur verið ad slíta barnskónum. Hann hefur haft aðsetur í Noregi vegna vinnu sinnar, og einmitt þessvegna verið nær lífædum íþróttarinnar og getað selflutt nýjungar jafnóðum til mörlandans. Við viljum þakka honum gott og ócigingjarnt starf hans í þágu Karateíþróttarinnar á líðnum árum.

Mótsskráin. Ákveðið var að gefa út mótskrá sem afhent yrði með aðgöngumiðum. Það vildi svo vel til að gamall Karatejaxl, Þór Ólafsson vann í prentsmiðju og var hann okkur mjög innann handar við gerð mótskrárinna. Þór þessi sýndi mikinn áhuga og mætti á marga fundi til að gefa faglegar ráð-leggingar. Upp kom nokkuð erfið aðstaða þegar átti að setja saman forsiðu skrárinna. Menn voru þar ekki á eitt sáttir og þar kom að David Haralds að setja hnefann í bordið til stuðnings sinni tillögu að forsiðu. Það nægði og nú prýðir hugmynd hans forsiðu sýningarskrárinna, næstu kynslóðum til vitnis um listfengi gjaldkerans. Það má með sanni segja ef litið er á mótskrár síðustu NM-móta að okkar skrá ber af og er þá vægt til orða tekið, en sjálfsagt er þetta ekki hlutlaust mat. David gekk vel að prútta um verðið á skránni og kom því niður í 27.þús sem verður að teljast vel af sér vikið.

Verðlaunagripir. Stæðsti útgjaldaliður NM voruverðlaunagripir mótsins og viusu menn það fljótlega að svo myndi verða. Verð var athugað víða í bænum og úti á landi. Áðalritarinn fékk það hlutverk að gera hagstæð innkaup að þessu leyti. Hann afréð fljótlega að versla við Ísspor, því þar virtist vera hægt að semja um mestan afslátt, auk þess sem verðið var almennt lægst þar. Að lokum fór svo að keyptir voru gripir fyrir 49.þús, en raunvirði þeirra var um 80.þús. Til viðmiðunar kostu gripirnir á íslandsmótinu milli 30 og 40.þús. Þetta fannst okkur vel sloppið. Raunar fannst okkur þetta óþarfa bruðl og vildum helst kaupa peninga fyrir öll sæti nema NM-meistara-titla, en sú venja hafði víst skapast að það væri bikar fyrir öll 4. fyrstu sætin í öllum flokkum sem voru 11 fyrir utan sveita-keppnina. Við skárum að vísu nokkuð niður því afráðið var að hafa pening fyrir 4. sætið. Ekki heyrðum við neina óánægju með þá ákvörðun okkar. Margir lýstu yfir ánægju sinni með fegurð gripanna.

Veifur og blóm. Ákveðið var að færa öllum keppendum flagg að að gjöf til minningar um mótið. A flaggið var prentað merki KAI og nafn mótsins og mótsstaður Reykjavík. Að auki voru allir fánar landanna fimm þrykkir í flaggið. Afhending þessi mæltist mjög vel fyrir og er þetta nýlunda á NM. Um leið og veifa þessi var afhent fengu keppendur og dómarar blóm að gjöf frá Karatesambandinu, allt var þetta til að setja skemmtilegann svip á mótið og skapa stemmingu. Fyrirtæki hér í borg, Fjölprent hf. sá um gerð flagganna og eru þau vel unninn og er þetta góð leið til að halda uppi minningu ýmissa atburða líðandi stundar, auk þess sem þetta getur gefið krónur í kassann.

Dagskrá mótsins. Víku fyrir mótið var dagskrá mótsins sett saman, þar eins og annarstaðar háði það mótsstjórninni reynsluleysi, svo dagskráin var gerð án neinnar fyrirmynnar. Reiknað var með að undanúrslit yrðu frá kl. 10-13:30. Sú áætlun stóðst og meira til, þeim var lokið um kl. 13:00. Þá áttu Glímumenn úr KR að leika listir sýnar, en þeir tilkynntu forföll. Úrslit voru áætuð kl. 14:00-19:00. Þeim var lokið kl. 16:45, eða rúmum tveimur klukkutíum fyrir áætlaðann tíma. Það má því segja að geta okkar til þessa mótsald's hafi verið stórlæg vanmetin, svo vel gekk mótið. Það eina sem að dagskránni var, var að sveitakeppnin hefði átt að vera á undan einstaklingskeppninni. Einnig breyttist dagskráin lítillega að því leyti að kata keppninni var flýtt og sett á undan sveitakeppninni. Það mæltist vel fyrir og fengu þáttökupjóðirnar þessar breytingar fljótt og örugglega í gegnum tengiliðina.

Gangur mótsins. Keppt var á tveimur völlum í undanúrslitum, en á einum velli í úrslitum. Þetta nægði, og var það kannski líka vegna þess að Danmörk mætti ekki til keppni. Í upphafi mótsins voru menn mjög spenntir að sjá hvernig mótið gengi og hvort dagskrá myndi haldast, venjulega eru íslensk karatemót langt á eftir áætlun. Þegar fyrsti hálftíminn var yfirstaðinn var ljóst að dagskrá myndi haldast og eftir það gekk allt eins og í grófri lygasögu. En afhverju gekk mótið svo vel? Mín skoðun er sú að þar spili margir þættir inní.; í fyrsta lagi voru allir starfsmenn vel með á nótunum um sitt starfssvið og ekki skorti þá viljann til að gera vel. Skipulag var mjög gott á ritarabordunum þar sem aðal-stresspunkturinn var. Dómarar voru fljótir og ekki þetta þras og töf sem einkennir vanmenntaða íslenska dómarar. Og kannski var það líka stór þáttur í hve vel mótið gekk að fólk var hrætt við að allt færi í Kaos, og lagði sig þessvegna kannski betur fram en ella. Formaður KAÍ, Hannes Hilmarsson sá um öll fjölmíðlatengsl á mótinu og vann þar mikið og gott starf, sem nauðsynlegt er að sé sinnt á slíkum mótum.

Áhorfendur. Mikil vinna hafði verið lögð í að auglýsa mótið upp. Haldinn hafði verið blaðamannafundur eins og fyrr hefur verið greint frá og komu greinar í öllum blöðum, útvarp og sjónvarp sögðu frá því sem framundan var og plaggöt héngu um allann bæ. Alls komu um 600-700 manns til að horfa á mótið. Í úrslitum voru um 400-500 manns á pöllunum í Laugardalshölli og hvöttu okkar menn óspart, enda gekk þeim mun betur þá, heldur en um morgunin þegar fáir áhorfendur voru. Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ mætti á staðinn og fylgdist með mótinu stundarkorn. Gamlir karateiðkendur komu eftir margra ára fjarveru frá íþróttinni. Faðir Karate á Íslandi, Reynir Santos fylgdist með keppninni og aðstoðaði kynnirinn þar sem hann gat-aði í enskukunnáttunni.

Árangur Íslands og keppendur fyrir Íslands hönd. Eg get að mestu vísað til úrslita hér annar staðar í skýrslunni í sambandi við árangur Íslands á þessu móti. Besti árangurinn er óumdeilanlega frammistaða Árna Einarssonar í Kata, en þar hlaut hann bronsverðlaun. Arni er sannarlega að verða sterkur Katamaður og væri vert að beina athyglinni meira að Kata heldur en verið hefur hér lendis með tilliti til þáttöku á mótum erlendis í framtíðinni.

Það sem úrskeiðis fór á mótinu. Eg vil taka það fram í upphafi að mótið tókst mjög vel, óhætt er að segja að um 99% af mótinu hafi farið vel og eftir áætlun. Hér í þessum kafla ætla ég því að tína til þetta 1% sem úrskeiðis fór.

- a) Það uppgvötaðist í byrjun mótsins að gleymst hafði að útvega rauð keppnisbelti, því var reddað samstundis.
- b) Óhagstætt var að nota nélur í keppnisnúmerin, límband er betra.
- c) Sumir keppendur voru með röng keppnisnúmer.
- d) Gleymdist að færa dómurum mótsins mat í hléinu.
- e) Úrslitum í einum keppnisflokknum skolaðist til og röngum manni var afhent bronsverðlaunin, en það var leiðrétt.
- f) Starfsfólk og sumir áhorfendur röðuðu sér of nálægt krppnisvellinum í lokin. Girða hefði þurft svæðið af.
- g) Sveitakeppnin hefði átt að vera á undan einstaklingskeppninni.
- h) Illa heyrðist í kynnir vegna lélegra hljóðgæða.

Meiðsli á mótinu. Lítið bar á meislum á mótinu. Alls voru glímdar 80. glímur og urðu tvö slys á íslensku keppendum. Einn nefbrotnaði og annar skaddaðist á auga. Þeir hafa báðir náð sér fullkomlega nú þrem vikum eftir mótið. Ekki er okkur kunnugt um önnur meiðsl meðal erlendu keppendanna, nema mar og slikt.

Dómarar. Mótsstjórnin ákvað snemma í sumar að fá hingað til lands dómarar erlendis frá til að dæma fyrir íslands hönd. Núverandi heimsmeistari í sveitakeppni Gerry Flemming var fenginn til þess starf. Hann stóð sig vel sem dómarí á mótinu og var líklega einn besti dómarinn á mótinu. Auk þess þjálfaði hann landsliðið ásamt Ólafi síðustu dagana fyrir mótið. Aðrir dómarar voru frá Noregi einn, Svíþjóð einn og tveir frá Finnlandi. Töldu margir að sumir dómarar hefðu sýnt hlutdrægni, og var þar oftast minnst á Finnsku dómarana. Það er algjör nauðsyn á því að Ísland eignist dómarar í næstu framtíð, slikt getur skipt höfuðmáli fyrir gengi okkar á alþjóðlegum móturnum framtíðarinnar. Ekki vegna þess að hann myndi dæma Íslandi í hag, heldur vegna þess að þá myndi fyrst verða hlustað á Ísland, ef menn vissu að við værum með menntaðann dómarar á staðnum.

Fagnaður eftir mótið. Um kvöldið var farið í veitingahúsið Broadway, sem boðið hafði öllum keppendum á mótinu ókeypis aðgang. Þar var fagnað yfir sigrum dagsins og lagt á ráðin með sigra næst.

Umfjöllun fjölmíðla. Blöðin fjölluðu mikið um mótið og greindu flest blöðin frá úrslitum á 2-4 síðum, strax eftir helgina. Þar voru viðtöl við íslensku keppendurnar, landsliðspjálfarann og mótsstjórnina. Umfjöllun blaðanna var með mjög jákvæðum hætti. Sjónvarpið sýndi frá mótinu samdægurs í 2. klst og síðan í næstu tveimur íþróttabættum þar á eftir. Einnig kom smá bútur í fréttatíma sjónvarpsins um kvöldið. Stjórn KAI er mjög ánægð yfir viðtökum fjölmíðla og þakkar þeim sérstaklega góðann skilning og frásagnir af mótinu.

Viðtökur almennings. Norðurlandamótið vakti mikla athygli meðal almennings. Það má segja að kastljósum íþróttanna hafi verið beint að Karateíþróttinni í umvikutíma eftir mótið. Fólk vildi fá að vita meira um þessa íþrótt og ýmist hreyfst það að kata eða kumite. Sumir töldu að of mikil harka væri leyfð í kumitekeppninni og má það til sanns vegar færa. Athugandi væri hvort ekki sé fært að herða reglur í þá átt að refsa meira fyrir of mikla snertingu. Einnig töldu margir að hlutur Kata væri of líttl á mótinu á móti Kumite. Ráð væri að taka upp Hópkata á NM, á hana er fallegt að horfa og það væri til þess að margir færðu að spá í stigagjöf dómarar líkt og t.d. fimleika, jafnvel þó þeir væru bara leikmenn, heima í stofu að horfa á sjónvarpið.

#### RISASKREF FYRIR KARATEÍÞRÓTTINA.

NM í Karate er yfirstaðið og það er að mestu fjarað út eftir mótið. En hver hefur þetta mótshald leitt okkur? Karatesambandið fékk þarna sýna eldkírn og stóðst hana með miklum sóma. Út úr mótinu komum við þreyttir en ánægðir. Þegar þreytan líður úr er aðeins ánægjan eftir, orka safnast saman til nýrra átaka og nú með reynsluna í farangrinum. Slíkur árangur næst ekki nema með góðri samvinnu allra sem starfa að malefninu. Samvinnan á NM var til fyrirmynadar. Nýfætt og ómálga samband stóðst eldkírnina.

Til hamingju KAI.

# Úrslit í einstökum flokkum

## -53 kg. flokkur kvenna

1. Sari Kauria (Fin)
2. Sari Laine (Fin)
3. A. Myhren (Nor)
4. Kristín Einarsdóttir (Ísl)

## -50 kg. flokkur kvenna

1. Ritva Varelius (Fin)
2. Nina Johansen (Nor)
3. S. Hansen (Nor)

## +50 kg. flokkur kvenna

1. S. Nygaard (Nor)
2. K. Lunde (Nor)
3. Yrsa Lindqvist (Fin)

## Kata kvenna

1. Lena Svenson (Sví) 48.5
2. Yrsa Lindqvist (Fin) 46
3. Tove Monni (Fin) 45.4
4. Jónína Ólesen (Ísl) 45.3

## -60 kg. flokkur karla

1. Kristian Keil (Sví)
2. E. Eide (Nor)
3. S. Rønning (Nor)
4. A. Rasanen (Fin)

## -65 kg. flokkur karla

1. Janne Timonen (Fin)
2. A. Lund (Nor)
3. Atli Erlendsson (Ísl)
4. Karl Sigurjónsson (Ísl)

## -70 kg. flokkur karla

1. Kim Waernerberg (Fin)
2. Flavio Donatello (Sví)
3. Stefán Alfredsson (Ísl)
4. Gísli Pálsson (Ísl)

## -75 kg. flokkur karla

1. Thomas Hallman (Sví)
2. Marrku Partanen (Sví)
3. I. Koljander (Fin)
4. M. Alstadsæter (Nor)

## -80 kg. flokkur karla

1. Göran Thell (Sví)
2. Johannes Karlsson (Ísl)
3. B. Nyborg (Nor)
4. A. Engh (Nor)

## +80 kg. flokkur karla

1. Karl Daggfeldt (Sví)
2. Jouko Turunen (Fin)
3. Leslie Jensen (Sví)
4. Ari Viljama (Fin)

## Kata karla

1. Paul Kee (Sví) 48.7
2. Conny Ferm (Sví) 47.8
3. Árni Einarsson (Ísl) 47
4. Erik Raittinen (Fin) 46.8

## Sveitakeppni kvenna

1. Finnland
2. Noregur

Það voru aðeins tvö lið sem tóku þátt í sveitakeppni kvenna. Finnar unnu Noreg 3-2 og eru því Norðurlandameistarar í sveitakeppni kvenna.

## Sveitakeppni karla

- Ísland—Finnland  $1\frac{1}{2}$ - $4\frac{1}{2}$   
Svíþjóð—Noregur  $2\frac{1}{2}$ - $2\frac{1}{2}$   
Ísland—Svíþjóð 0-5  
Noregur—Finnland 2-3  
Finnland—Svíþjóð  $4\frac{1}{2}$ - $1\frac{1}{2}$   
Ísland—Noregur 2-3

Íslendingar voru nálægt sigri á móti Norðmönnum, en töpuðu naumlega, 2-3, þrátt fyrir góða keppni. Röðin var því þannig.

1. Finnland
2. Noregur
3. Svíþjóð
4. Ísland.

# NM'85 Starfsfólk.

## Miðstjórn.

Framkvæmdastjóri	Hannes Hilmarsson	KDS	s: 45361
Aðalritari	Karl Gauti Hjaltason	KDG	s: 40171
Aðstoð Aðalritara	Helgi Jóhannesson	KDG	s: 37809
Aðstoð Framkvæmdas.	Hjalti Kristjánsson	KDS	s: 50091
Gjaldkeri	David Haralds	KFP	s: 685693

## Alþjóðlegir Starfsmenn.

### Læknir

Aðstoð hans	Ómar Ívarsson	KFR	
Kynnir	Borsteinn Einarsson	KFP	s: 20626
Tengil. ÍSLAND	Birgir Hjartarsson	KDG	s: 41695
Tengil. NORGEUR	Lilja Larsen	Utan	s: 20203
Tengil. SVÍPJÓÐ	Finnur Larsen	Utan	s: 74256
Tengil. FINNLAND	Andrés Hafliðason	KFR	s: 30004

## Verðlaunaafhending.

Afhending	David Haralds	KFP	s: 685693
Aðstoð	Birgit Raschhofer	KFR	s: 34841
Aðstoð	Magrét Jóhannesdótt	KFR	s: 685268
Aðstoð	Kristjana Sigurðardó	KDG	s: 76520

## SVÆÐI 1. (undanúrslit).

Ritari 1.	Sigrún Guðmundsdótti	KFP	s: 39942
Aðstoð hans	Ágúst Ósterby	SKS	s: 99-1597
Aðstoð	Leo Már Jóhannsson	KFR	s: 23475
Tímavörður 1.	Ólafur E. Júlíusson	KFP	s: 73898

## Svæði 2. (Undanúrslit + ÚRSLIT).

Ritari 2.	Jón Gauti Birgisson	KFR	s: 81737
Aðstoð hans	Gunnlaugur Daviðsson	KFR	s: 41142
Aðstoð	Ómar Ragnarsson	KDG	s: 44915
Tímavörður 2.	Fanney Ásgeirs dóttir	KDS	s: 52789

## Varafólk.

Tímavörður 3.	Ólafur Hreinsson	KFR	s: 37356
Vara-Aðstoð	Sölvi Rafnsson	KDB	s: 99-8250

## Vallarmerking.

Stjóri 1.	Elín Eva Grímsdóttir	KFP	s: 82872
Stjóri 2.	Fanney Ásgeirs dóttir	KDS	s: 52789
Stjóri 3.	Birgir Hjartarsson	KDG	s: 41695
Stjóri 4.	Heimir Haraldsson	KFR	s: 626046
Stjóri 5.	Ólafur Egilsson	KFR	s: 79714
Stjóri 6.	Gestur Skarphéðinsson	KFR	s:

## Vigtun keppenda og númerun.

Stjóri 1.	Kristjana Sigurðardótt	KDG	s: 76520
Stjóri 2.	Ingibjörg Júlíusdóttir	KFP	s: 73898
Stjóri 3.	Þróstur Einarsson	KDS	s: 52206
Stjóri 4.	Birgir Vignisson	KDG	s: 672287
Stjóri 5.	Halldór Narfi Stefáns	KFP	s: 21744

## Video og Ljósmyndun.

Yfirljósmyndari	Kjell Tveit	KDG	s: 42088
Vidomenn	Jón Elvar Wallevík	KFP	s: 13118
Videomenn	Birgir Vignisson	KDG	s: 672287

## Verslun KAI.

Verslun KAI.	Karatedeild Baldurs	KDB	s: 99-8250
--------------	---------------------	-----	------------

## Tuskustjórar.

Tuskustjóri 1.	Sigurbör Pálsson	SKS	s:
Tuskuaðstoð	Magnús Garðarsson	UBK	s: 73154

**Ísland**

1. Svanur Eypórsson	-60 kg		
2. Árni Einarsson	-60 kg	sveit kata men	4 NM 1984
3. Halldór Svavarsson	-75 kg		
5. Karl Sigurjónsson	-65 kg	sveit	
6. Sigbör Markússon		sveit	
7. Stefán Alfreðsson	-70 kg	sveit	
8. Atli Erlendsson	-65 kg	sveit kata men	3 NM 1984
9. Jóhannes Karlsson	-80 kg		
10. Ævar Þorsteinsson	+80 kg	sveit	
11. Ólafur H Wallevík		sveit	3 NM 1982
12. Kristín Einarsdóttir	-53 kg		
14. Jónína Olesen	-53 kg	kata women	
15. Gísli Pálsson	-70 kg		
16. Sigurjón Gunnsteins	-75 kg	sveit	

**Þjálfari:** Ólafur H. Wallevík**Finnland**

20. Kimmo Koski	-60 kg		1 NM 1984
21. Janne Timonen	-65 kg	sveit	
22. Kim Waenerberg	-70 kg	sveit	2 NM 1984
23. Jukka Lindström	-70 kg	sveit	
24. Mika Manninen	-75 kg	sveit	
25. Tapio Pirttioja	-80 kg	sveit	4 NM 1984
26. Jouko Turunen	+80 kg	sveit	1 NM 1984
27. Ari Viljama	+80 kg	sveit	2 NM 1984
28. Sari Kauria	-53 kg	sveit	2 NM 1984
29. Sari Laine	-53 kg	sveit	1 NM 1984
30. Ritva Varlius	-60 kg	sveit	1 NM 1984
31. Yrsa Lindqvist	+60 kg	sveit kata women	2 NM 1984
32. Erik Raittinen		kata men	
33. Tove Monni		kata women	


**Þjálfari:** Olavi Tuovinen**Manager:** Kim Isaksson**Noregur**

40. E. Eide	-60 kg	sveit	
41. S. Rønning	-60 kg	sveit	3 NM 1984
42. A. Lund	-65 kg	sveit	2 NM 1984
43. M. Alstadæter	-75 kg	sveit	3 NM 1984
44. B. Nyborg	-80 kg	sveit	3 NM 1984
45. A. Engh	-80 kg	sveit	3 HM 1984
46. E. Hjerpaasen	+80 kg	sveit	4 NM 1984
47. A. Myhren	-53 kg	sveit	3 NM 1984
48. M. Engelstad	-60 kg	sveit	2 HM 1984
49. S. Hansen	-60 kg	sveit	2 NM 1984
50. S. Nygaard	+60 kg	sveit	4 NM 1984
51. K. Lunde	+60 kg	sveit	1 NM 1984


**Þjálfari:** Martin Burkhalter**Svíþjóð**

60. Kristian Keil	-60 kg		2 NM 1984
61. Flavio Donatello	-70 kg	sveit	1 NM 1984
62. Marrku Partanen	-75 kg	sveit	1 NM 1984
63. Thomas Hallman	-80 kg	sveit	
64. Göran Thell	-80 kg	sveit	2 NM 1984
65. Karl Daggfeldt	+80 kg	sveit	2 WG 1985
66. Leslie Jensen	+80 kg	sveit	3 WG 1985
67. Conny Ferm		kata men	2 NM 1984
68. Paul Kee		kata men	1 NM 1984
69. Lena Svensson		kata women	1 NM 1984


**Þjálfari:** Håkan Nygren



1. Svanur Eyþórsson,  
Pórshamri, 16 ára nemi.




6. Sigþór Markússon,  
Pórshamri, 20 ára  
verslunarmaður,



10. Ævar Þorsteinsson,  
Breiðabliki, 24 ára rafvélavirki.



15. Gísli Pálsson,  
Breiðabliki, 17 ára nemi,



2. Árni Einarsson,  
KFR, 24 ára kennari.




7. Stefán Alfredsson,  
Stjarnan, 26 ára háskólanemi.



11. Ólafur H. Wallevík,  
27 ára verkfræðingur.



16. Sigurjón Gunnsteins  
KFR, 19 ára kjötiðnaðarmaður,



3. Halldór Svavarsson,  
KFR, 17 ára nemi.



8. Atli Erlendsson,  
KFR, 27 ára póstafræðslum,



12. Kristín Einarsdóttir,  
Gerplu, 19 ára nemi,



5. Karl Sigurjónsson,  
Pórshamri, 24 ára húsasmiður.



9. Jóhannes Karlsson,  
KFR, 24 ára háskólanemi.



14. Jónína Olesen,  
KFR, 22 ára nemi.

## Lokaorð

Aðdragandinn að stofnun KAÍ var sá að 1982 fóru fyrstu keppendumir á NM í karate. Næsta ár á eftir bundust karatefélögin á Stór-Reykjavíkur-svæðinu samtökum um að senda sveit á NM '83. Var það gert undir forsjá ÍSÍ. Arið þar á eftir var síðan farið framá við stjórn ÍSÍ að -eir skipuðu karatenefnd innan ÍSÍ. Brugðust þeir skjótt við og skipuðu Hannes Hilmarsson, Karl Gauta Hjaltason og Stefán Alfreðsson í nefndina.

Nefndin tók til óspiltra málanna og héldu móti og sendu út landslið á NM '84. Hún lagði einnig til við stjórn ÍSÍ að undirbúa stofnun Karatesambands.

Gekk það fljótt og vel fyrir sig og var Karatesamband Íslands stofnað 28. feb. 1985.

Eins og sjá má á því sem áður er komið, þá hefur KAÍ staðið fyrir ýmsu á þessu starfstímabili. Fyrir sjáanlegt er að ekki verði minna um að vera á næsta ári. Það sem einkenndi þetta fyrsta starfsár KAÍ öðru fremur, var mikil og óeigingjarnt brautryðjendastarf, þar sem allar reglur og starfsvenjur eru að mótað. Nú er til reynsla fyrir því að KAÍ getur tekið að sér stór verkefni og leyst þau með sóma. Reynsla sem við búum við í dag og munum ávaxta í framtíðinni.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í stjórninni, í landsliðinu og hinum fjölmennu karateiðkendahópi fyrir ánægjulegt fyrsta starfsár KAÍ. Og síðast en ekki síst vil ég -akka stjórn ÍSÍ og starfsfólki fyrir góðan skilning og mikinn stuðning, bæði við stofnun KAÍ og allt starf á þessu fyrsta starfsári.

Hannes Hilmarsson

ÁRSÞING.

KARATESAMBAND ÍSLANDS

REKSTRARREIKNINGUR 28.02 1985 - 21.11 1985.

TEKJUR:

Stofnfé í S.Í.....	15.000.-
Endurgreiðsla Flugleiða v/ farseðla 15.03 '85....	22.317.-
Endurgreiðsla landsliðs v/ EM '85.....	23.300.-
Sala KAÍ skírsteina.....	43.400.-
Styrkur í SÍ.....	201.085.-
Tekjur v/ pressuleiks. '85 .....	27.610.-
Tekjur v/ Íslandsmóts '85.....	38.000.-
Tekjur v/NM '85.....	255.300.-

kr. 626.012.-

GJÖLD:

Pátttgjald EKU v/ EM '85.....	3.988.-
Merki á landsliðsbúninga.....	4.000.-
Verðlaun v/ samk. um merki KAÍ.....	5.000.-
Viðurkenningarskjöl.....	5.187.-
Ferðakostnaður landsliðspjálfara ( frá 1984)....	8.694.-
Víxill vegna karatenefndar.....	11.947.-
Uppgjör við landsliðspjálfara	35.700.-
Ferðakostnaður landliðs v/ EM '85.....	168.520.-
Gjöld v/ pressuleiks '85.....	21.118.-
Gjöld v/ Ísl.m.m. '85.....	72.640.-
Gjöld v/ NM '85.....	223.212.-
Annar kostnaður.....	9.667.-
Inneign á bankareikn.....	25.070.-
Inneign á reikning ÍSÍ.....	31.269.-

kr. 626.012.-

EM 51.7/2. -

KARATESAMBAND ÍSLANDS

SUNDURLIDUN MÓTA

PRESSULEIKUR 02.03. 1985.

TEKJUR :

Framlag félagsmanna.....	3.000.-
Auglýsingar í mótaskrá.....	7.500.-
Aðgangseyrir.....	17.110.-
	<u>kr. 27.610.-</u>
	-----

GJÖLD:

Digranes leiga.....	1.027.-
Verðlaunapeningar.....	2.536.-
Til íþróttafréttamanna.....	6.155.-
Landsliðspjálfari - ferðakostnaður.....	<u>11.400.-</u>
	<u>kr. 21.118.-</u>
	-----

ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ 13.04. 1985.

Tekjur:

Verðslun.....	2.470.-
Keppnisgjöld.....	5.500.-
Auglýsing í mótaskrá.....	8.000.-
Aðgangseyrir.....	22.030.-
	<u>kr. 38.000.-</u>
	-----

GJÖLD:

Veifur.....	2.800.-
Landsliðspjálfari - ferðakostnaður.....	10.000.-
Mótaskrá & plaggöt.....	25.000.-
Verðlaunagripir.....	33.220.-
Annar kostnaður.....	1.620.-
	<u>kr. 72.640.-</u>
	-----

NORDURLANDAMEISTARAMÓTIÐ 19.10.1985.

TEKJUR:

Seldir fánar.....	5.000.-
Æfingabúðir með Garry Flemming.....	5.000.-
Auglýsing Karatefél. í mótaskrá.....	20.000.-
Styrkir fyrirtækja.....	62.500.-
Auglýsingar.....	77.000.-
Aðgangseyrir.....	85.800.-
	<u>kr. 255.300.-</u>

GJÖLD:

Rósir .....	5.000.-
Aðgöngumiðar.....	5.000.-
Læknir & Hjálparsveitin.....	8.000.-
Laun v/ styrktarlína & augl.....	13.000.-
Fánar & rásmerki.....	14.000.-
Laugardalshöllin - leiga.....	22.422.-
Mótaskrá & plaggöt.....	34.000.-
Verðlaunagripir.....	49.050.-
Þjálfara & dómarakostnaður.....	61.274.-
Annar kostnaður.....	11.466.-
	<u>kr. 223.212.-</u>

Vér réttkjörnir endurskoðendur Karatesambands Íslands starfsárið 1985, höfum yfirfarið reikninga sambandsins og eru þeir réttir og ekkert við þá að athuga.

Dags. 22.11.1985

---

Kjell Tveit  
( sign )

---

Hjalti Kristjánsson  
( sign )